

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 23. mars 2018 deiliskipulag á austursvæði Keflavíkurflugvallar, Háaleitishlaði.

Deiliskipulagssvæðið er um 108 ha að stærð og afmarkast til suðurs af umráðasvæði Landhelgisgæslunnar, B-svæði Keflavíkurflugvallar, flughlöðum og flugbrautum til vesturs og til norðurs af götunni Hólsvelli og flugbrautum. Suðausturmörk skipulagssvæðisins liggja meðfram Þjóðbraut og að landsvæði Reykjanesbæjar.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er gera heildstætt deiliskipulag fyrir svæðið, skilgreina atvinnulóðir á svæðinu, skilgreina núverandi og nýjar lóðir ásamt stærð, hæð og yfirbragð bygginga, skilgreina víkjandi mannvirki og auka umferðaröryggi á svæðinu.

Smávægilegar breytingar voru gerðar frá auglýstri tillögu deiliskipulagsins, skilgreint er svæði fyrir þvottastöð flugvéla, sett inn lýsing vegna olíulagna á svæðinu, skerpt á ákvæðum m.a. vegna girðinga og ofanvatnslausna og gerður orðskýringarlisti í viðauka við greinargerð. Þá var gerð húsa-könnun á skipulagssvæðinu og fallið var frá að hafa Háaleitishlað 20a víkjandi mannvirki í deiliskipulaginu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 4. maí 2018,*

**Sveinn Valdimarsson** skipulagsfulltrúi.